

Fréttatilkynning

Reykjavík, 28. ágúst 2003.

Sláturfélag Suðurlands Afkoma á fyrri árshelmingi 2003

Rekstrartap Sláturfélags Suðurlands á tímabilinu janúar til júní 2003 var 59,9 milljónir, en á sama tímabili árið áður var 5,5 milljón króna rekstrartap. Verri afkoma stafar fyrst og fremst af minni veltu vegna offramboðs á kjötmarkaði og 38 milljón króna hækkun fjármagnsgjalda frá fyrra ári. Fjárhagsstaða Sláturfélagsins er traust með eigið fé rúmar 1.154 milljónir og 44% eiginfjárlutfall.

Rekstrartekjur Sláturfélags Suðurlands voru 1.567 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins 2003, en 1.747 milljónir á sama tíma árið áður og minnkuðu um rúm 10%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 1.510 milljónum á fyrri hluta ársins 2003 samanborið við 1.682 milljónum árið áður og minnka um rúm 10%. Afskriftir rekstrarfjármuna voru 76 milljónir sem er óbreytt frá fyrra ári. Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda var 19 milljónir, en 11 milljónir króna árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur voru 12 milljónir, en á árinu á undan voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 26 milljónir. Undir fjármagnsliðum er 15 milljón króna gjaldfærsla vegna niðurfærslu hlutabréfa í eigu félagsins en árið áður var hún 9 milljónir.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna var neikvæð um 27 milljónir en árið áður 14 milljónir. Skattar voru 2 milljónir. Tap af rekstri tímabilsins var 59,9 milljónir en 5,5 milljónir árið áður.

Veltufé frá rekstri var 42 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins 2003, samanborið við 39 milljónir frá rekstri fyrir sama tímabil árið 2002.

Í lok júní 2003 voru heildareignir Sláturfélags Suðurlands 2.619 milljónir og höfðu lækkað um 313 milljónir frá áramótum. Skammtímaskuldir voru 552 milljónir, langtímaskuldir 913 milljónir og eigið fé 1.154 milljónir. Eiginfjárlutfall var 44% í lok júní 2003 óbreytt frá sama tíma árið áður. Veltufjárlutfall var 1,6 í lok júní 2003, en 1,4 árið áður.

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 42 milljónir á fyrstu sex mánuðum ársins, aðallega í tækjabúnaði kjötiðnaðar og fyrir 9 milljónir í félögum.

Á árinu 2002 var undirritað samkomulag milli Búnaðarbanka Íslands hf. og Sláturfélags Suðurlands svf. um kaup Sláturfélagsins á 67% hlut í kjúklingaframleiðslufyrirtækinu Reykjagarði hf. Þar sem uppgjóri vegna áreiðanleikakönnunar sem gerð var vegna kaupanna er ekki lokið, þá er kaupverð hlutabréfanna ekki fært í árshlutauppgjöri Sláturfélagsins pr. 30. júní 2003.

Árshlutauppgjörið er með könnunaráritun endurskoðenda sem og árið áður. Við gerð þess er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Reikningsskilin eru verðleiðrétt. Ef reikningsskilin hefðu ekki verið verðleiðrétt hefði tap tímabilsins orðið 5 milljónum hærra og eigið fé 52 milljónum lægra.

Sláturfélag Suðurlands svf.

Lykiltölur

Rekstur	2003	2002	2002	2001	2000	1999
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.	jan-jún	jan-jún				
Rekstrartekjur.....	1.566,9	1.747,2	3.708,8	3.468,2	3.097,5	2.878,6
Rekstrargjöld án afskrifta.....	1.510,0	1.682,2	3.488,9	3.251,6	2.794,3	2.609,2
Afskriftir.....	75,8	76,1	154,4	147,0	136,1	124,0
Rekstrarhagnaður (tap).....	(18,9)	(11,1)	65,5	69,6	167,1	145,4
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(11,5)	25,7	6,1	(124,3)	(68,2)	(15,2)
Hagnaður (tap) af rekstri hlutdeildarféлага.....	(27,1)	(14,2)	(45,0)	1,9	1,4	3,8
Hagn. (tap) fyrir skatta.....	(57,5)	0,4	26,6	(52,8)	100,3	134,0
Tekju- og eignarskattur.....	(2,4)	(5,9)	(7,6)	(5,8)	(9,8)	(10,9)
Hagnaður (tap) ársins.....	(59,9)	(5,5)	19,0	(58,6)	90,5	123,1
Veltufé (til rekstrar) frá rekstri	42,3	38,8	171,3	159,7	269,5	242,7

Efnahagur	30.6.2003	30.6.2002	2002	2001	2000	1999
Fjárhæðir í mkr. á verðlagi hvers árs.						
Fastafjármunir.....	1.742,2	1.830,3	1.804,2	1.764,9	1.586,0	1.473,6
Veltufjármunir.....	877,0	878,3	1.127,6	1.159,8	935,0	773,4
Eignir samtals.....	2.619,2	2.708,6	2.931,8	2.924,7	2.521,0	2.247,0
Eigið fé.....	1.154,2	1.188,9	1.216,7	1.184,6	1.179,8	1.076,2
Þar af A og B-deild stofnsjóðs.....	411,2	413,4	411,2	419,3	410,6	407,3
Langtímaskuldir.....	913,4	875,0	864,3	845,5	867,7	764,3
Skammtímaskuldir.....	551,6	644,7	850,8	894,6	473,5	406,5
Skuldir samtals.....	1.465,0	1.519,7	1.715,1	1.740,1	1.341,2	1.170,8

Kennitölur

Hagn. (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum.....	(3,8%)	(0,3%)	0,5%	(1,7%)	2,9%	4,3%
Veltufjárhlutfall.....	1,6	1,4	1,3	1,3	2,0	1,9
Eiginfjárhlutfall.....	44%	44%	42%	41%	47%	48%
Innra virði.....	2,8	2,9	3,0	2,8	2,9	2,6
Arðsemi eigin fjár.....	(10%)	(1%)	2%	(5%)	8%	12%

Horfur fyrir árið 2003

Afkoma félagsins á fyrri árshelmingi ársins 2003 var óviðunandi og einkenndist af mikilli verðsamkeppni og offramboði á kjöti á markaðnum sem hafði neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Ekki er gert er ráð fyrir að aukið jafnvægi náist á kjötmarkaðnum fyrr en kemur fram á árið 2004.

Afkoma Sláturfélagsins hefur jafnan verið þyngst framan af árinu en best á síðasta ársfjórðungi. Þetta stafar m.a. af afkomu afurðadeildar en umsvif hennar aukast við haustslátrun sauðfjár. Tekin hefur verið ákvörðun um að úrelða sláturhúsið að Laxá til að bæta afkomu sauðfjárslátrunar.

Aðhaldi verður áfram beitt í rekstri félagsins, en gripið hefur verið til þess að draga úr útgjöldum auk þess sem fjárfestingar hafa verið dregnar saman. Gert er ráð fyrir að afkoma félagsins verði áfram þung næstu mánuði en afkoman batni á síðasta ársfjórðungi.

Nánari upplýsingar veitir Steinþór Skúlason, forstjóri í síma 575 6000

Reykjavík, 28. ágúst 2003
Sláturfélag Suðurlands svf.